

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína.

1. gr.

1. liður í A. kafla í viðauka II við reglugerðina verður svohljóðandi:

1. Fráfæru-, eldis- og sláturgrísir í hópum:

Lifbungi kg	Lágmarksgólfryði <i>m²/grís</i>	Lágmarksleguryði <i>m²/grís</i>
Að 10	0,15	0,10
11-20	0,20	0,13
21-30	0,30	0,20
31-50	0,40	0,27
51-85	0,55	0,37
86-110	0,65	0,43
> 110	1,00	0,67

2. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða verður svohljóðandi: Matvælastofnun getur veitt framleiðanda frest til aðlögunar að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. og 2. og 7. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar ef aðstæður eru þannig að kostnaðarsamt er fyrir viðkomandi framleiðanda að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Matvælastofnun skal ekki veita lengri fresti en til 1. janúar 2025.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. mars 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Elísabet Anna Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. apríl 2019